

Sþ. 131. Tillaga til þingsályktunar

um aukinn kaffi- og sykurskammt til sjómanna.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að kaffi- og sykurskammtur til sjómanna verði aukinn allverulega frá því, sem nú er.

Greinargerð.

Reynslan hefur sýnt, að kaffi- og sykurskammtur sá, er sjómenn eiga við að búa, er algerlega ófullnægjandi. Vegna aðstöðu sinnar nota sjómenn meira kaffi og sykuren menn, sem önnur störf vinna. Matreiðsla í fiskibátum er á margan hátt örðug, og vill því svo fara, að mataræði sjómanna verður einhæft, og er þá oft gripið til þess, sem auðveldast er að búa til. Sjómennska að vetrarlagi er kulsamt starf, sem einnig leiðir af sér, að sjómenn verða að fá sér þá hressingu öðru hverju, er heitur kaffisopi veitir. Af þessu er það meðal annars, að sjómenn nota óvenjulega mikið af kaffi og sykri.